



# Almannavarnir Árneshöfði

4. fundur Almanna- og Búnaðarnefndar Árneshöfðis, haldinn mánudaginn  
3. febrúar 2020 kl: 13:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

## Mætt:

Sveitarfélagið Árborg

Hveragerðisbær

Grímsnes og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Flóahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Bláskógabyggð

Sveitarfélagið Ölfus

Svæðisstjórn björgunarsveita

Lögreglan á Suðurlandi

Lögreglan á Suðurlandi/AA

Rauði krossinn

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almannavarnir/Brunavarnir Árneshöfði

Brunavarnir Árneshöfði

Helga María Pálsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Ingibjörg Harðardóttir

Jón G. Valgeirsson

Eydís Indriðadóttir og

Árni Eiríksson

Kristófer A. Tómasson

Ásta Stefánsdóttir

Elliði Vignisson

Gunnar Ingi Widnes Friðriksson og

Viðar Arason

Grímur Hergeirsson og

Sveinn Kristján Rúnarsson

Björn Ingi Jónsson

Fjóla Einarsdóttir

Díana Óskarsdóttir, Ari Sigurðsson,

Anna María Snorradóttir og

Hjörtur Kristjánsson

Pétur Pétursson

Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)

Ásta Stefánsdóttir formaður setur fundinn og býður fólk velkomið.

## 1. Hjörtur Kristjánsson, umdæmislæknir sóttvarna á Suðurlandi kynnti óvissustig vegna kórónaveirunnar.

Hjörtur fór yfir sögu veikindanna, einkenni og smitleiðir. Búið er að lýsa yfir óvissustigi og því er komið á almannavarnarástand. Læknar á hverju svæði skipa vettvangsstjórn, í Árneshöfði eru það Sigurjón í Laugarási og Ómar í Hveragerði. Hjörtur kynnti lauslega Viðbragðsáætlun við influensu og hverjir hafa hlutverk í þeirri áætlun. Hugsanlegar sviðsmyndir settar upp og fundarmenn hvattir til að hafa augu og eyru opin varðandi möguleg húsnæði fyrir sjúklinga í sóttkví, eða fjölskyldur þeirra sem geta verið í sóttkví heima.

Aldís spurði út í greiningu á sýktum. Gert er ráð fyrir að fólk hringi á undan sér og komi ekki á heilbrigðisstofnunina heldur komi læknir heim og taki sýni til að greina veiruna. Ef grunaður sýktur einstaklingur kemur beint inn á heilsugæslu fær hann grímu og er settur í einangrun þar til greiningu er lokið.

Aldís spurði um hvort einhverjar áætlanir væru varðandi lokanir í stofnunum sveitarfélaganna s.s. skólum og leikskólum. Hjörtur benti á leiðbeiningar frá landlæki hvað það varðar auk þess sem hann lagði áherslu á almennt hreinlæti og handþvott.

Hjörtur taldi líkur á að veira berist til landsins en litlar líkur á að hún hafi mikil áhrif á samfélagið. Ef innviðir eru tilbúnir þá minnka líkurnar á miklum samfélagslegum áhrifum.

Grímur sagði frá því að á fundi á Höfn í morgun var skipuð vettvangsstjórn. Aldís sagði frá því að verið er að uppfæra þann hóp í Hveragerði og Ásta og Jón greindu frá því að sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu hafa nýlega lokið endurskoðun viðbragðsáætlunar vegna svínafleisu, sem nýtist sem viðbragðsáætlun vegna útbreiðslu sjúkdóma. Umræður um hvernig eigi að skipuleggja vettvangsstjórnir á hverjum stað og skilgreina verkefni. Mikilvægt er að fara yfir hverjir eiga að vera í vettvangsstjórnunum og kynna það fyrir einstaklingunum. Umræður um hvort setja þurfi vettvangsstjórnir í hverju þéttbýli eða hvort sveitarfélögin vinni saman. Mikilvægt er ræða saman og gera áætlanir.

Fjóla benti á að ef ná þarf samband við Rauða krossinn að þá er hringt í 112 og þeir gefa samband áfram á bakvakt. Rætt um að uppfæra símanúmeralista hjá helstu aðilum og senda á Hjört.

Hjörtur ítrekaði mikilvægi þess að búa ekki til hræðslu í samfélaginu en undirbúa innviðina vel.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:35.